

Alþingi  
Nefndasvið (nefnasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2016  
Sent með tölvupósti.

**Umsögn laganefndar L.M.F.Í. um 787. mál, þskj. 1346, 145. löggjafarþing, Frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.**

## I Um þingmálið

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, þar sem óskað var umsagnar laganefndar Lögmannafélags Íslands („laganefndar“) um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., þskj. 1346, 145. löggjafarþing.

Samkvæmt því sem segir í almennum athugasemdum er tilefni frumvarpsins „nýlegar upplýsingar sem fram hafa komið um eignir Íslendinga í skattaskjólum og möguleg undanskot frá skatti sem kalla á tafarlaus og afdráttarlaus viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda“ og að „[u]mræða um meint skattaundanskot hefur verið hávæð víða um heim og á fjölþjóðlegum vettvangi er kallað eftir alþjóðlegu samstarfi og átaki gegn þeim“.

Laganefnd hefur farið yfir frumvarpið og telur ástæðu til að veita umsögn um það.

## II Athugasemdir við einstakar greinar

### Um 5. gr.

Með 5. gr. er að finna tillögu að breytingum á 1. máls. 3. mgr. 57. gr. laganna, en ákvæðið lýtur að milliverðlagningu. Laganefnd bendir á að svo virðist sem endurskoða þurfi orðalag þeirra breytinga sem lagðar eru til, og velt er upp hvort að í frumvarpstexta eigi í raun að standa „tengdra“ í stað „ótengdra“. Með núverandi frumvarpstexta er viðmið í milliverðlagningu breytt úr því að vera viðskipti milli ótengdra aðila í að vera viðskipti milli ótengdra aðila og viðskipti milli innlendra aðila og lögaðila í lágskattaríki. Af skýringum í greinargerð með frumvarpinu má ráða að slíkt virðist þó ekki vera tilgangur lagabreytinganna en þar kemur fram að um viðskipti aðila í lágskattaríki eigi sönnunarreglur um milliverðlagningu ávallt að eiga við.

## Um 7. gr.

Samkvæmt nágildandi lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. 4. mgr. 94. gr. laganna, geta skattyfirvöld hvenær sem er óskað eftir aðgangi að þeirri skrá sem fjármálafyrirtækjum, endurskoðendum, lögmönnum og öðrum aðilum sem veita alþjóðlega skattaráðgjöf og þjónustu vegna erlendra samskipta er skylt að halda yfir þá viðskiptavinum sína sem þiggja slíka ráðgjöf og þjónustu og er þeim skylt að láta þeim hana í té beiðast þau þess. Þá er mælt fyrir um í 5. mgr. sömu greinar, að ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum 94. gr. Má rekja þessar tvær málsgreinar tekjuskattslaga til breytingarlaga nr. 46/2009. Laganefnd áréttar sem fyrr afstöðu sína hvað varðar það ákvæði, og að í frumvarpi til þeirra breytingarlaga hafi ekki verið að finna fullnægjandi rökstuðning fyrir því afnámi þeirrar lögæltu trúnaðarskyldu sem þar um ræddi.

Með 7. gr. þess frumvarps sem nú liggur fyrir er gengið ennþá lengra; í fyrsta lagi er með a-lið lagt til að til viðbótar skyldu ráðgjafar- og þjónustuaðila að afhenda skattyfirvöldum nefnda skrá, óski yfirvöld eftir því, verði þeim einnig skylt að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar um starfsemi og eignir sem þeim *megi vera* kunnugt um. Í öðru lagi er með b-lið lagt til að í þeim tilvikum þegar um er að ræða félag, sjóð eða stofnun sem teljast heimilisföst í lágskattaríki skuli ráðgjafar- og þjónustuaðilar *óumbeðnir* láta skattyfirvöldum skrána<sup>1</sup> í té. Er þannig um að ræða nýmæli sem kveður á um umfangsmeiri upplýsingagjöf sérfræðinga, þ.á m. lögmanna, en áður var mælt fyrir um í lögum um tekjuskatt, sem og sérstaka frumkvæðisskyldu.

Í þessum efnum er að því að gæta að í lögum um lögmenn nr. 77/1998 er mælt fyrir um *trúnaðarskyldu* lögmanna og að lögmaður beri þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Trúnaðarskylda lögmanna er jafnframt hluti af réttlátri málsmeðferð og friðhelgi einkalífs, sem nýtur stjórnskipulegrar verndar, sbr. 70. og 71. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944. Trúnaðarskylda lögmanna verður einnig dregin af ákvæðum 6. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem svara til nefndra ákvæða 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar. Má um það t.d. vísa til dóma mannréttindadómstólsins frá 16. desember 1992 í *Niemietz gegn Þýskalandi*, frá 16. október 2007 í *Wieser og Bicos gegn Austurríki*, og frá 24. júlí 2008 í *André o.fl. gegn Frakklandi*. Trúnaðarskylda lögmanna er raunar órjúfanlegur þáttur lögmannsstarfsins og eðlis þess. Laganefnd bendir á í þessu samhengi að mikilvægt er að viðskiptavinur geti átt óhindrað samskipti við lögmann sinn og trúað honum fyrir öllu því sem máli getur skipt fyrir réttarstöðu hans.

Laganefnd telur að fyrirhugaðar breytingar í 7. gr. lagafrumvarpsins samrýmist ekki hlutverki og eðli lögmannsstarfsins samkvæmt framansögðu, þ.m.t. trúnaðarskyldunnar. Þótt almannahagsmunir geti, eftir atvikum, gengið framur trúnaðarskyldu lögmanna, þá er það bundið við þröng undantekningartilvik og þegar brýnir hagsmunir krefjast, og jafnframt þannig að ekki sé brotið gegn grundvallarmannréttindum, þ.m.t. ákvæðum 70. og 71. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

<sup>1</sup> Bent er á að í frumvarpstextanum sjálfum er að þessu leyti einungis nefnd frumkvæðisskylda viðkomandi sérfræðinga í tengslum við afhendingu á viðkomandi skrá, en í skýringum í greinargerð sem fylgir með frumvarpinu er nefnt að umrædd skylda taki einnig til allra upplýsinga um *starfsemi og eignir* sem þeim megi vera kunnugt um. Virðist því ósamræmi á milli greinargerðar og frumvarpsins hvað þetta varðar.

## LAGANEFND L.M.F.Í.

Þá þarf hér sem endranær að gæta meðalhófssjónarmiða. Er ekki að sjá að þessum áskilnaði sé fullnægt, og vekur athygli að í greinargerð með frumvarpinu er ekki að finna efnismikinn rökstuðning fyrir umræddum lagabreytingum, sem og tilefni og nauðsyn þeirra, þ.m.t. í ljósi þess hversu íþyngjandi þær eru og ósamrýmanlegar grundvallarþáttum í störfum lögmanna.

Þá er og að því að gæta að orðalag 7. gr. frumvarpsins er um margt matskennt og óljóst. Orðalagið „má vera kunnugt um“ er t.a.m. síður en svo heppilegt með tilliti til þess sem áður hefur verið rakið.

Með vísan til framangreinds leggst laganefnd gegn 7. gr. frumvarpsins, a.m.k. hvað lögmenn og skyldur þeirra áhrærir.

### Um 8. og 9. gr.

Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild til endurákvörðunar verði lengd úr sex árum í tíu ár vegna tekna og eigna í lágs-kattaríkjum sem ekki hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir í skattskilum. Með 9. gr. frumvarpsins er lagt til að fyrningartími sakar verði lengdur úr sex árum í tíu ár vegna tekna í lágs-kattaríkjum.

Af ákvæðum frumvarpsins og skýringum í greinargerð virðist ekki ljóst hvort gert sé ráð fyrir því að umræddar breytingar eigi að taka til tilvika þar sem heimild til endurákvörðunar skatta væri þegar liðinn við gildistöku laganna, eða þar sem sök samkvæmt 109. gr. laganna er þegar fyrnd. Sé svo, er bent á að slíkt kunni að vera í andstöðu við meginreglur íslensks réttar um afturvirkni laga, lagaskil og fyrningu, svo og ákvæði stjórnarskrár nr. 33/1944.

Nefna má að sömu sjónarmið gilda um framlengingu heimildar til endurákvörðunar og fyrningu sakar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, s.s. 11.-14. gr. þess.

### III Lokaorð

Fulltrúar laganefndar eru reiðubúnir að mæta fyrir þingnefnd, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar LMFÍ

Stefán A. Svansson hrl., formaður

Helga Lára Hauksdóttir, hdl.

Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir, hdl.